

Gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda í máls-
kostnað fyrir yfirdómi 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því
hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvembermán.

Nr. 51/1880

Rjettvísín

gegn

Kristjáni Guðmundssyni

og

Ragnhildi Kr. Bjarnadóttur

D ó m u r :

Með því að mál þetta hefur verið dæmt í hjer-
aði, án þess að hinum ákærða hafi verið löglega stefnt
til að þola dóm, en það getur ekki haft lagalega þýð-
ingu í máli, sem á að fara með sem sakamál, þó hin
ákærðu hafi skuldbundið sig til að gefa sig fríviljuglega
fram og þola dóm án stefnufyrirkalls, eins og líka hin-
um ákærðu ekki hefur verið skipaður talsmaður fyrir
undirrjettinum eptir beiðni þeirra, þá ber að dæma
hinn áfrýjaða undirrjettardóm og meðferð málsins í
hjeraði ómerkt.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur í máli þessu og meðferð
þess í hjeraði á ómerkt að vera.

Mánudaginn 8. nóvembermán.

Nr. 46/1880

Eyjólfur Eyjólfsson

gegn

Þorláki Guðmundssyni

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 21. dag ágústmán. þ. á., hefur húismaður Eyjólfur Eyjólfsson á Hömrum í Árnessýslu áfrýjað til yfirdómsins:

1. fógetagjörð, sem fram fór að Auðsholti í Árnessýslu 1. júnímán. þ. á., og voru með þeirri gjörð Þorláki bónda Guðmundssyni í Hvammkoti útlögð 15,6 hndr. í ný nefndri jörð. Hafði áfrýjandi, sem á nefndan jarðarpart, leyft Páli gestgjafa Eyjólfssyni í Reykjavík að veðsetja hann til tryggingar því, að Páll Eyjólfsson greiddi skilvíslega af hendi 1200 króna lán, er hann hafði þegið hjá stefnda Þorláki Guðmundssyni. Veðleyfi áfrýjanda er dagsett 31. júlí 1876, og veðskuldabryf Páls Eyjólfssonar til hins stefnda fyrir 1200 kr., með hverju 16,5 hndr. úr Auðsholti eru veðsett, 5. marz 1877. Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar, gengnum 13. nóvbr. 1879, var Páll Eyjólfsson dæmdur til að greiða Þorláki nefnda skuld með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 10 kr. í málskostnað. Samkvæmt þessum dómi gekk hinn stefndi að veðinu, og var, eins og áður er sagt, fjárnám gjört í því 1. júnímán. þ. á.
2. úrskurði, sem upp var kveðinn á uppboðsþingi að Eyrarbakka í Árnessýslu 7. ágústmán. þ. á., en með þeim úrskurði var ákveðið, að uppboð skyldi fram fara á þeim 15,6 hndr. í Auðsholti, sem, eins og áður er sagt, voru lögð út, þrátt fyrir mótmæli eiganda.

Hefur áfrýjandi krafizt fyrir yfirdóminum, að hin áfrýjada fjárnámsgjörð og þar á byggður uppboðsrjettarúrskurður verði dæmd ómerk, eða, að hvorttveggja, fjárnáms og uppboðsgjörðin, verði fellt úr gildi, og hið gjörða hamarshögg ónýtt, og að hinn stefndi verði

skyldaður til að greiða áfrýjanda allan fjárnáms og uppboðskostnað í hjeradi og allan málskostnað fyrir yfirdómi skaðlaust eða með einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati.

Á hinn boginn hefur hinn stefndi krafizt, að úrskurður uppboðsrjettar Árnassýslu frá 7. ágústmán. þ. á. verði staðfestur, og áfrýjandi skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Ástæður þær, sem áfrýjandi hefur tekið fram kröfu sinni til styrkingar, eru einkum þessar: að sjer hafi ekki í tíma verið gjört aðvart um fjárnámsgjörðina, sem fram fór að Auðsholti 1. júnímán þ. á., að gjörðin hafi verið ólögleg fyrir þá sök, að hvorki hafi opinber sætt við sig verið fengin, nje heldur dómur yfir sjer af hendi hins stefnda, eu þetta hafi verið nauðsynlegt til þess að hann mætti ganga að veðinu, og að fyrst hefði stefndi átt að reyna til þess að fá bæjarþingsdómnum frá 13. novbr. 1879 fullnægt með fjárnámsgjörð hjá Páli Eyjólfssyni.

Á gildi þessara ástæðna getur yfirdómurinn alls ekki fallizt; því það er ekki skylda fjárnámsbeiðanda eða fógeta að tilkynna fyrir fram þeim, er fjárnám skal gjöra hjá, að slík gjörð eigi að fram fara. Heldur ekki er það rjett, að hinn stefndi hafi átt að fá sátt við eða dóm yfir áfrýjanda til þess að hann gæti gengið að veðinu, því hann hafði enga persónulega kröfu gagnvart áfrýjanda. Áfrýjandi hafði ljeð Páli Eyjólfssyni opt á minnst jarðarhundruð til þess að veðsetja þau, og þar með hafði hann veitt Páli heimild til þess að nota þau til veðsetningar eins og Páll ætti þau sjálfur, án þess að áfrýjandi við það kæmist í neitt rjettarsamband við veðhafanda. Loks hafði veðhafandi að lögum fulla heimild til að ganga að veðinu án þess fyrst að

reyna fjárnám hjá Páli Eyjólfssyni (sbr. L. 5—7—8 og 5—7—17).

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboðsrjettarúrskurð, og ber áfrýjanda eptir málavöxtum að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð og uppboðsrjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Eyjólfur Eyjólfsson, greiði hinum stefnda, Þorláki Guðmundssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvembermán.

Nr. 52/1880

Rjettvísín

gegn

Eiríki Alexíussyni

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 9. dag aprílmán. þ. á., var Eiríkur Alexíusson, vinnumaður í Hólakoti hjer í bænum, dæmdur fyrir illa meðferð á tryppi í 20 kr. sekt til landssjóðs, eða til einfalds fangelsis í 6 daga, væri sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, svo og til að lúka öllum kostnaði af málinu, þar með talin varnarlaun til talsmanns hans í hjeraði, 6 krónur.

Þessum dómi hefur amtmaðurinn í suðuramtinu rjettvísinnar vegna skotið til yfirdómsins.